Framá

Framhald af síðu 19.

til liðsins og við höfðum góðar vonir. Kvöldinu fyrir leikinn hélt liðið síðan sérstakan fund um málið og tillagan var felld, svo við urðum að fara til Færeyja án þess að hafa aflað okkur þessarar reynslu, og það gátum við haft til marks um að búningsklefi karla er mjög lokaður heimur og þeirra einkaheimur.

– En við settumst ekki bara með hendur í skauti þó við kæmumst ekki í búningsklefa á meðan á úrslitaleik stæði. Við fórum að lesa okkur til, kynna okkur allt sem skrifað hefur verið um fótbolta og höfðum sérstaklega gagn af bók Pers Röntveds, Fótbolti á rónginni, og Flautað til leiks eftir Tony Schumacher, fyrrverandi liðsmann í þýska landsliðinu.

– Og Færeyingarnir reyndust ekki eins erfiðir viðfangs og Íslendingarnir, þeir hleyptu okkur inn í búningsklefa, að vísu á æfingu, en við græddum mikið á því. Kannski ekki minnst á að sjá hvernig þeir voru pískaðir áfram í snjó og kulda í febrúar.

Barist upp á líf og dauða

Hvernig er leikmyndin hugsuð?

– Hún er gerð út frá þessum



Búningsklefinnn breytist í sjúkraskýli þegar líður á leikinn.

lokaða heimi sem leikritið fjallar um, segir Messíana. – Leikmyndin er táknræn, því leikritið er í rauninni dæmisaga, það er í henni mun víðari skírskotun en til þessa eina leiks sem það fjallar um. Þarna er barist upp á líf og dauða, en þetta er líka heilagur staður. Að vissu leyti er verið að undirbúa þessa drengi undir einhvers konar krossferð þar sem öllu er hætt, líkama þeirra, mannorði og sál. Eftir því sem líður á leikinn breytist búningsherbergið síðan í sjúkraskýli að meira eða minna leyti, þar sem þeir koma blóðugir og niðurbrotnir á sál og líkama.

– Við lögðum áherslu á að ná fram stemmningu búningsherbergisins, og á frumsýningunni voru forkólfar evrópskra íþróttahreyfinga, sem voru sammála um að sú stemmning sem þarna kæmi fram væri hárrétt, þó þeir skildu ekki orð af því sem var sagt. Það var til að mynda einn sem sagði þetta vera þversummu þeirra búningherbergja sem hann hefði upplifað.

– En innsti kjarni leiksins er ekki bara sú stemmning sem skapast í úrslitaleik, heldur er verið að velta fyrir sér hvar íþróttirnar séu staddar og hvert þær stefni, hinn sanni íþróttaandi er ekki það sem íþróttamaðurinn fær greitt fyrir. Höfundi leikritsins finnst atvinnumennskan ekki vera rétt þróun í íþróttum, og sama viðhorf kemur fram í þeim bókum sem við lásum. Það er því skemmtilegt að Íþróttasambandið skyldi sjálft velja verkið, þó auðvitað séu áherslurnar okkar. En það er ekkert í leikmyndinni sem ekki er fótur fyrir í textanum, og síðan eru ljósin notuð til að setja upp sterkar stemmningar.

Og svo er þetta orðin vel sigld leikmynd, segir Sigrún. Það var búið að skipa henni hér upp á hafnarbakkann og ganga frá öllum pappírum, en þá var henni aftur skipað um borð fyrir einhver mistök og hún send til Helsingör. Svo hún kom ekki aftur fyrr en á miðvikudagsmorgun.

En hvernig gekk að leikstýra heilu fótboltaliði? Hafið þið verið í fótbolta?

– Nei, við höfum aldrei komið nálægt fótbolta. Það voru bara þeir í Sjónleikafelaginu sem voru svona skynsamir að sjá að það þarf röskar konur til að tjónka við 21 karlmann. Og það var ekkert vandamál þó þeir hefðu meiri reynslu af fótbolta en við, því við höfðum meira vit á leiklist og gátum alltaf sýnt þeim fram á hvað væri áhrifamest.

Hvernig var svo sýningunni tekið?

– Hún fékk mjög góða dóma, meira að segja frá gagnrýnanda sem ekki er mikið fyrir að hrósa því sem allur almenningur er kannski hrifinn af. Og sjálfar höfðum við mikla ánægju af þessu, við sáum sjö sýningar í röð eftir frumsýningu því við komumst ekki hingað vegna verkfallsins, og fannst alltaf jafn gaman.

LG

Hver er hræddur?

Virginia sýnir í Iðnó:
Hver er hræddur við Virginiu Woolf?
eftir Edward Albee.
Þýðandi: Sverrir Hólmarsson.
Leikstjóri: Arnór Benónýsson.
Leikmynd: Karl Aspelund.
Búningar: Rósberg Snædal.
Lýsing: Lárus Björnsson.
Leikendur: Helgi Skúlason, Helga Bachman, Ragnheiður Tryggvadóttir og Ellert A. Ingimundarson.

Hvað er hægt að gera við Virginíu-leik Edward Albee? Leika hann samkvæmt bókinni, fylgja út í ystu æsar þeim stofunaturalisma sem leikurinn óneitanlega krefst með beinni skírskotun til ritunartímans, nákvæmri eftirlíkingu í búningum og leikmynd, setja hann fastan í tímann og styrkja sýninguna með ýtarefni í leikskrá sem skýrir ýmis þau atriði í forsendum og bakgrunni leiksins í amerísku þjóðfélagi þess tíma. Það er hægt og er líkastil öruggust leið til skynsamlegrar leikvinnslu á verkinu. Eða á að treysta því algilda hjónadrama sem leikurinn geymir, láta naturalismann lönd og leið og tjá leikinn sem erkidæmi um stofudrama á auðu sviði með sófa, bar og tveim stólum. Privat helvíti fyrir fjórar persónur í afluktu rými sviðsins. Báðar þessar leiðir sýnast manni færar þegar sýningu á leiknum ber loks fyrir augu manns tæpum þrjátíu árum eftir að Albee sauð hann saman.

Auðvitað ber verkið merki síns tíma. Málfarið eitt og sér hefur látið undan í því siðleysi sem ríkir í bandarískri málhugsun í bókmenntum og kvikmyndum. Klúrt málfar Albee er einfaldlega orðið sakleysislegt og breytir þá engu ný þýðing á leiknum sem ég get reyndar ekki séð að hafi verið nauðsynleg. Ýmis mikilvæg efnisatriði hafa tekið miklum stakkaskiptum, einkum framþróun í getnaðarvörnum og gervifrjóvgun, að ekki sé minnst á heimsósómaádrepu Georgs um hrun vesturlanda. Þó trúi ég að mikilvægust í þeli áhorfandans sé sú víðtæka umræða um eðli hjónabands sem farið hefur um löndin á liðnum áratugum. Allt þetta veikir áhrifamátt leiksins eða einskorðar hann við tvo meginþætti í gerð leiksins: fyndnina og valdaátökin.

Sviðsetning Arnórs Benónýssonar er fjarska stirðbusaleg satt best að segja. Leikmyndin er kraðak, hornótt og skapar leiknum þröngt rými sem Arnór á enda í miklum erfiðleikum með að nota til dýptar atburðarás leiksins. Í stöku tilfellum notar hann framhornin á sviðinu en þau



LEIKHÚS

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

augnablik verða býsna uppstillt og ósannfærandi. Athafnasvæði leikaranna takmarka þannig tæknilega möguleika þeirra og er það einkum til báginda fyrir Helga Skúlason sem mótar túlkun sína miklum óróa og hefði þurft betri römmun í mörgum köflum leiksins og aðrar staðsetningar aftar á sviðinu. Þá skortir mjög á að stígandi í leiknum sé nægilega undirbyggð, mörg spennuatriði verða hnökrótt, rétt eins og leikarana skorti rétta leiðsögn. Oft sýna þeir þó rétta stígandi á stöku stað og hafa sæmileg heildartök á hlutverkunum. En sýningin er kraftlaus og fyrir bragðið verða átökin ekki sannfærandi, tilfinningin sem leiknum er eðlislægt að skapa vegna kosta sinna grunn og hverfur fljótt frá.


Fyrsti þátturinn er leikinn af miklum hraða og dregur mjög fram skemmtigildi samræðunnar þannig að sá grimmi tónn sem undir liggur verður utangátta um stund. Reyndar var alla jafna mjög skammt í gamanleikinn alla sýninguna í gegn, svo að manni þótti nóg um hlátrasköll áhorfenda þegar hnútukastið var sem harðast, skærunar grimmilegastar.

Helgi Skúlason ber sýninguna uppi með leik sínum. Hann túlkar Georg á býsna glaðhlakkalegan máta og kemst langt með þá túlkun sína. Hún nær lengst og verður heilust í atriðum á móti Ellert og Ragnheiði í hlutverkum hjónanna ungu. En í þeim túlkunarmáta er sneitt hjá ríkum þætti persónunnar, vanmættinum og blíðunni, sem Helgi ætti ekki í neinum vandræðum með að lyfta undir. Þá held ég að sá svipur sem hann mótar Georg væri rökvísari ef persónan væri alkalegri í fasi og töktum, en það má finna að heildarsvip leiks allra í sýningunni hvað stanslaus drykkjan hefur lítil áhrif á persónurnar, mæli þeirra og fas. En túlkun Helga er áhugaverð og spennandi og dugar ein til þess að kvöldinu er vel varið.

Helga leikur Mörtu, ófullnægða, grimma og siðspillta konu á sextugsaldri. Hennar leikur er mér nokkur gáta. Hún er gerandinn í leiknum, hleypir öllum átökum þeirra hjóna af stað. Helga virðist vera á annarri skoðun og nýtur væntanlega tilstyrks leikstjórans í því. Leikur hennar er á léttum nótum langt fram eftir leiknum. Beinskeytt skot Mörtu verða í munni hennar notalegt nöldur, hún beitir sér aldrei líkamlega í leiknum og dregur frekar úr þunga Mörtu sem miðju þess valdatafls sem hér er leikið til enda. Þessi milda afstaða dregur mjög úr slagkrafti leiksins og ræður miklu um það að ris og hnig jafnast út. Tvenn dæmi skal ég nefna þessu til staðfestingar: Marta táldregur Nick á ákaflega opinskáan hátt, fyrst í dansi og síðar með káfi. Í bæði skiptin var verknaðurinn varla sýndur, alla erótík skorti, snerting í lágmarki og líkamleg sýnd lostans hverfandi. Eftir eina sennuna ræðst Georg á spúsu sína og reynir að kyrkja hana. Þar aftur var líkamleg beiting öll ósennileg, valdníðslan áhrifalítil vegna þess að atriðið er ekki undirbyggt nóg og árásin illa teiknuð. Marta er þessháttar hlutverk að það krefst alls af listamanninum. Það krefst mikillar líkamlegrar beitingar, óhemju blæbrigða í rödd, mikils hljómstyrks og fullkomlega geðrænnar eftirgjafar í reiði, ofsa og auðmýkt. Einhverra hluta vegna trúi ég að Helga Bachman væri þessa umkomin, en hér situr hún á sér og um leið á allri sýningunni.

Ellert og Ragnheiður bera þann vandasama heiður að leika Nikka og Honí, tvö hlutverk sem vissulega eru erfið en líða fyrir stærðir Georgs og Mörtu í leiknum. Leikur þeirra beggja er sviplítill, en snoturlega unninn þótt þau á stundum verði vandræðaleg, einkum Ellert og vantar leikstjórn á. Skýr persónumótun nýtur sín ekki í sýningu sem hefur ekki nægilega markaðan hraða, skilur ekki milli ris og hnigs og nýtir illa þá rýmismöguleika sem nauðsynlegir eru til að skáka í flóknu og stríðandi valdatafli.

Sýningin á Virginíu naut óskiptrar athygli alþjóðar á liðnum vetri vegna deilumála á vinnustað sem komust í hámæli. Ég hygg að eftirmál þess megi enn greina í sviðsetningu Arnórs Benónýssonar. Vald leikstjóra í sýningunni er greinilega veikt. Máski er kominn tími til opinskárrar umræðu um þau efni eftir fálmandi tilraunir á síðum Moggans fyrr í vetur sem lognuðust út af. Þessi sýning er þrátt fyrir alla sína galla forvitnileg og vel þess virði að sjá hana. Hún kemur upp fyrir einstakan velvilja Þjóðleikhússins, en Helgi og Helga eru þar á fullum launum, fyrir tilstyrk Borgarsjóðs og nokkurra fyrirtækja í borginni. Það er gott og blessað og veit vonandi á breytta stefnu hjá Borgarsjóði í þeim efnum. Máski þurfa sjálfstæðir leikhópar ekki að örvænta lengur ef þeir geta mannað sýningar sínar með verkefnalausum leikurum frá Þjóðleikhúsinu.



Höggmyndir og málverk

Haukur Dór og Preben Boye, sem báðir eru bæjarlistamenn í Frederiksværk, opna sýningar á Kjarvalsstöðum á morgun kl. 14-18.

Preben Boye sýnir höggmyndir úr granít og Haukur Dór málverk, teikningar og grafíkmyndir frá síðastliðnum tveimur árum. Á sýningunni verða til sölu steinþrykk unnin hjá U.M. Grafik í Kaupmannahöfn.

Sýningunum lýkur 9. júlí. Sumarsýningin á verkum Kjarvals stendur til 20. ágúst.

Kristján í Nýhöfn


Kristján Davíðsson opnar sýningu á nýjum olíumálverkum í Nýhöfn, Hafnarstræti 18 á morgun kl. 14-16.

Kristján hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum hér á landi og erlendis. Sýningin verður opin virka daga kl. 10-18, kl. 14-18 um helgar og lýkur 12. júlí.

Ásmundarsalur

Nú eru síðustu forvöð að sjá níundu einkasýningu Ásgeirs Lárussonar í Ásmundarsal v/ Freyjugötu.

Lárus sýnir rúmlega þrjátíu myndir unnar með guasslitum, bleki og akríl. Sýningunni er opin kl. 13-19 í dag og kl. 13:30-20 á morgun og sunnudag og lýkur á sunnudagskvöld.



Örn Magnússon pianóleikari.

Píanótónleikar

Örn Magnússon pianóleikari heldur tónleika í Norræna húsinu á sunnudaginn. Örn lauk burtfararprófi frá Tónlistarskóla Akureyrar árið 1980 og stundaði framhaldsnám í pianóleik í Manchester, Berlín og London 1981-86.

Tónleikarnir hefjast kl. 20:30, og á efnisskránni eru toccata og ensk svíta eftir Bach og sónötur opus 26 og 109 eftir Beethoven.